



## Starfsreglur fyrir Smiðju í Snælandsskóla

### Markmið og hlutverk

Hlutverk Smiðju sem sérdeildar er að veita nemendum í 8. – 10. bekk sem eru með skilgreindar sérþarfir nám og uppeldi við hæfi hvers og eins í sérhæfðu umhverfi í lengri eða skemmri tíma. Í Smiðju geta verið nemendur frá öllum grunnskólum Kópavogs. Nemandi innritast í sérdeildina þegar sýnt þykir að almennt nám og kennsluhættir hæfa ekki þörfum nemendans.

Nám nemenda fer fram samkvæmt einstaklingsnámskrá sem byggð er á kennslufræðilegri greiningu á náms- og þroskastöðu hans, ásamt rökstuddu mati á vali forgangsverkefna á hverjum tíma (sjá 20. gr. reglugerðar nr. 585/2010).

Meginmarkmið eru að nemendur fái sem best notið sín í námi, starfi og leik. Að unnið sé að bættri líðan og námsfærni nemandans með aðalnámskrá, skólanámskrá og starfsáætlun Snælandsskóla að leiðarljósi, þar sem fram koma markmið, inntak námsins og námsmat. Áhersla er lögð á fjölbreytt viðfangsefni og nám sem tekur mið af áhuga og getu hvers og eins. List- og verkgreinar hafa sérstakt vægi í áherslum Smiðju. Allir nemendur í Smiðju eru skráðir í almenna bekk. Eftir því sem unnt reynist og í samræmi við einstaklingsnámskrá skal vinna að félagslegri blöndun nemenda í tilteknum kennslustundum og/eða námsgreinum eftir samkomulagi við umsjóna- og sérgreinakennara. Þá skal þess ennfremur gætt að nemendur deildarinnar taki með eðlilegum hætti þátt í sameiginlegum athöfnum nemenda skólans.

Stundi nemendur af erlendu bergi brotnu og nemendur með skilgreindar sérþarfir nám í Smiðju er stuðs við móttökuáætlun skólans skv. 16. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 9 gr. reglugerðar nr. 585/2010.

Sálfræðingur skólans sinnir rágjafarhlutverki við Smiðju bæði hvað tekur til starfsfólks og foreldra nemenda. Sérfræðiþjónustufulltrúi á grunnskóladeild er tengill við úrræðið og sér einnig um ráðgjöf og kennslufræðilega þjónustu við nemendur, foreldra og starfsfólk deildarinnar.

### Inntökuferli

Foreldrar nemenda sækja um inngöngu í Smiðju á þar til gerðu eyðublaði að lokinni umfjöllun um stöðu nemenda í nemendaverndarráði heimaskóla og í framhaldi heildstæðri greiningu á stöðu nemandans. Við heildstæða greiningu sem gerð er í samráði við foreldra skal tillit tekið til aðstæðna nemandans og heildarhagsmuna og þess gætt að nemandi sjálfur eigi þess kost að tjá sig um ákvörðun eftir því sem aðstæður leyfa. Foreldrum eru kynntar allar niðurstöður. Inntökuteymi deildar sem í sitja, skólastjóri Snælandsskóla, umsjónarmaður deildarinnar ásamt sérfræðiþjónustufulltrúa Kópavogs fjallar um umsóknir í deildina að lokinni upplýsingaöflun. Einnig sér inntökuteymi deildar um ákvörðun um útskrift að undangengnu heildstæðu mati á stöðu nemenda í samráði við foreldra og nemandans sjálfan eftir því sem aðstæður leyfa (sjá 20. gr. reglugerðar nr. 585/2010).

Unnin er Tilfærsluáætlun með nemendum sem eru að útskrifast úr grunnskóla í framhaldsskóla í samráði við foreldra og kennara (sjá 17.gr reglugerðar nr. 585/2010 um einstaklingsbundna tilfærsluáætlun). Sérstök áhersla er lögð á samstarf við starfsbrautir/ sérnámsbrautir framhaldsskólanna og skil til framhaldsskólanna.

### **Ágreiningur um skólavist**

Verði ágreiningur um skólavist nemanda í Smiðju í Snælandsskóla milli skóla og foreldra er unnið samkvæmt 17. gr og 47. gr laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 21. gr og 22. gr reglugerðar nr. 585/2010. Skal ákvörðun tekin með hliðsjón af áliti sérfræðinga og foreldra og með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Synjun skal rökstudd ítarlega þar sem afstaða er tekin til allra þeirra sjónarmiða sem færð hafa verið fram í málinu og hvernig þau varða heildarhagsmuni barnsins.

### **Stjórnun og starfsfólk**

Smiðja er skipulags- og stjórnunarlegur hluti Snælandsskóla og undir stjórn skólustjóra. Dagleg umsjón er í höndum sérstaks umsjónarmanns. Við deildina starfa kennarar, þroskaþjálfari og stuðningsfulltrúi eftir því sem við verður komið hverju sinni. Sjá skipurit og yfirlit yfir starfsmenn í starfsáætlun Snælandsskóla og ársskýrslu deildar. Starfsmenn deildarinnar skulu vinna eftir deildarnámskrá þar sem kveðið er á um samræmt heildarskipulag deildarinnar bæði hvað tekur til nemendahópsins og starfsmanna.

Skráning gagna er samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð upplýsinga um nemendur og rétt foreldra um upplýsingar er samkvæmt lögum og reglugerðum.

### **Nemendur og námsumhverfi**

Nemendum Smiðju skal búið hvetjandi og fjölbreytt námsumhverfi í samræmi við skilgreindar þarfir þeirra í einstaklingsnámskrá. Nemendur fá jöfn tækifæri á eigin foresendum til náms og virkrar þátttöku í skólastarfinu. Markmið er að nemendur geti þroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu á allan hátt til þess að vera félagslega virkir þátttakendur í skólasamfélaginu sem byggt er styrkleikum þeirra.

Nemendur fá jöfn tækifæri í samræmi við alþjóðlega samninga um réttindi barna. Réttur nemenda til að tjá sig og réttur nemenda til menntunar er skilyrðislaus samkvæmt lögum, reglugerðum og þeim samningum er gilda á Íslandi um börn. Tekið er tillit til sjónarmiða nemenda eftir því sem aðstæður leyfa.

Kennsluhættir eru sem sveiganlegastir og lagaðir að þörfum og stöðu einstakra nemenda. Viðmið og fyrirmæli eru sýnileg og skýr. Búnaður í húsnæði skal taka mið af þörfum nemenda og stöðu og skal einnig veita möguleika bæði til bóklegs og verklegs náms.

### **Foreldrar**

Foreldrar geta sótt um fyrir barns sitt í Smiðju í Snælandsskóla telji þeir, skólustjóri, kennarar eða aðrir sérfræðingar að það fái ekki notið kennslu við hæfi í því skólaumhverfi sem það er í. Farið er eftir móttökuáætlun skólans þegar nemandi innritast í deildina.

Einstaklingsnámskrá skal endurskoðuð reglulega í samstarfi við foreldra og nemendur eftir því sem því verður við komið.

Allar athuganir skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra.

Starfsmenn deildarinnar eru í samskiptum og samráði við foreldra eftir því sem þurfa þykir. Tilfærsluáætlun fyrir nemendur í 9. og 10. bekk er unnin í samráði við foreldra (sjá 17.gr reglugerðar nr. 585/2010 um einstaklingsbundna tilfærsluáætlun)..

### **Rekstur**

Kópavogur ber ábyrgð á rekstri deildarinnar, daglegur rekstur og stjórnun er í höndum skólustjóra Snælandsskóla.

Nemendum stendur til boða að sækja um lengda viðvera í frístundaúrræði á vegum sveitarfélagsins. Nemendur utan skólahverfis eiga rétt á akstri til og frá skóla, sem er útfærð nánar í samráði við foreldra.

### **Ráðgjöf og kennslufræðileg þjónusta**

Sérfærðiþjónustufulltrúi á grunnskóladeild er tengill við úrræðið og sér um ráðgjöf og kennslufræðilega þjónustu við nemendur, foreldra og starfsfólk deildarinnar.

### **Ársskýrsla**

Í lok hvers skólaárs skal deildin gera yfirlit um starfsemi deildarinnar, þar sem m.a. kemur fram fjöldi nemenda, fjöldi starfsmanna og helstu áherslur í starfinu. Þetta yfirlit berist grunnskóladeild Menntasviðs í júní hvert ár.

Samþykkt í skólaráði og skólaefnd Kópavogs haustið 2015